



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

*Alþingi*  
*Erlendi nr. Þ 133/1037*  
*komudagur 19.2.2007*

Alþingi  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2007

Umsögn um frumvarp til æskulýðslaga sem lagt er fyrir 133. löggjafarþing 2006 til 2007

Kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík, hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á gildandi löggjöf um æskulýðsmál. Hið nýja frumvarp er tímabært og vel unnið. Fullyrða má að stuðningur við börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi hafi aldrei verið jafn mikilvægur. Ungt fólk á Íslandi lifir á tímum örra tæknilegra, efnahags, félags- og menningarlegra breytinga. Margar þessara breytinga eru afar jákvæðar. Þeim fylgja tækifæri, frelsi og jafnrétti. Að sama skapi hafa áratugalangar rannsóknir sýnt fram á að örar þjóðfélagsbreytingar koma gjarnan niður á félagslegri einingu samfélagsins og geta leitt af sér aukna tíðni frávikshegðunar og andlegrar vanlíðanar. Skýr lagarammi um skipulagt æskulýðsstarf er afar mikilvægur í slíku umhverfi.

Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós gildi skipulagðs æskulýðsstarfs sem forvarnar gegn vímuefnaneyslu og frávikshegðun unglunga. Við Kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík er markvisst unnið út frá niðurstöðum þessara rannsókna. Boðið er upp á menntun fyrir þá sem hafa hug á að sinna heilsueflingu, fræðslu og stuðningi við börn og ungmenni. Námið er annars vegar almennt meistaranám í lýðheilsufræði, á ensku Master of Public Health (MPH), og hins vegar meistaranám í kennslu- og lýðheilsufræði sem lýkur með MEd gráðu. Lögð er áhersla á að traust fagleg þekking á högum, líðan og aðstæðum fólks í nútímanum og hagnýting þeirrar þekkingar á markvissan máta til forvarna og heilsueflingar sé forsenda heilbrigðis þjóðarinnar.

Nemendur og kennarar við deildina hafa þar aðgang að gagnasafni Rannsókna & greiningar, og skipa rannsóknir á æskulýðsstarfi veigamikinn sess í starfinu. Kennslufræði- og lýðheilsudeild HR er í virku samstarfi við erlenda háskóla, þar á meðal Columbia háskóla og Penn State háskóla í Bandaríkjunum.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Prófessorar frá þessum háskólum kenna við deildina og vinna rannsóknir í samstarfi við þá sem við deildina starfa.

Það er trú okkar við Kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík, að frumvarp til æskulýðslaga, sem nú er til meðferðar í þinginu, verði til að stuðla að virkara skipulögðu æskulýðsstarfi og bæti þannig hagi ungs fólks á Íslandi.

Virðingarfyllt,

Dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir  
Deildarforseti KLD